

Kennari: Linda María Hauksdóttir og Sigríður H. Ragnarsdóttir

Tímafjöldi: Samþætt í öllum námsgreinum

Kennslufyrirkomulag: Kennsla inni í bekk

Bekkur: 7. bekkur

Upplýsinga- og tæknimennt

Námssviðið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér; miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Mikilvægt er að nemendur skilji, að upplýsinga- og miðlalæsi er ferli, sem þeir efla alla ævi, bæði í námi og starfi. Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi.

Í upplýsinga- og tæknimennt er unnið með upplýsinga- og miðlalæsi, sem þverfaglegt námssvið. Unnin eru raunhæf verkefni sem samþættast sem flestum námsgreinum og námssviðum. Áhersla er lögð á að kynna nemendum tækni og aðferðir við öflun, úrvinnslu, sköpun og miðlun upplýsinga í tengslum við annað nám.

Í upplýsinga- og tæknimennt er lögð áhersla á þverfaglega samvinnu við önnur námssvið. Þegar um samþætt nám er að ræða er mikilvægt að allir, sem koma að kennslunni, sinni námsmati en umsjónar- eða faggreinakennari tekur þó meginábyrgð á því. Hæfniviðmiðin eru sá grundvöllur sem kennsluhættir og námsmat byggjast á. Mikilvægt er að námsmat sé alhliða, nái til allra færniþátta, endurspegli hæfniviðmiðin og viðfangsefni námsins. Í námsferlinu sé metin hæfni nemandans til að afla upplýsinga, ígrundunar, sjálfstæðis í vinnubrögðum og ábyrgðar á eigin námsframvindu. Mikilvægt er að námsmat sé fjölbreytt, það byggi á virkni nemandans og þeirri afurð sem unnið er með, hvort sem er í formi ritunar, hljóðvinnslu, tónvinnslu og myndvinnslu eða annars konar miðlunar. Þannig séu metin margvísleg verkefni nemandans, svo sem framsögn, fyrirlestrar, kynningar, ritsmíð, stafræn miðlun með hljóð og mynd eða öðrum hætti. Leggja skal áherslu á leiðsagnarmat, sem gefur upplýsingar um hver staða nemandans er, hvort hann þurfi aðstoð og hvernig megi örva hann til frekari framfara.

Upplýsinga- og tæknimennt

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemendur geti:</i>	Leiðir:
Vinnulag og vinnubrögð		<ul style="list-style-type: none"> Nýtt upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum. Nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám. Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum. Nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt. Beitt réttri fingrasetningu 	
Upplýsingaöflun og úrvinnsla		<ul style="list-style-type: none"> Nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélar við markvissa öflun upplýsinga við hæfi. Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt. Verið gagnrýninn á gæði ýmissa upplýsinga. Unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá. Nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða. Nýtt hugbúnað/forrit við einfalda framsetningu á tölulegum gögnum. 	
Tækni og búnaður		<ul style="list-style-type: none"> Nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna. Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu. Nýtt hugbúnað/forrit við vefsmíðar. 	
Sköpun og miðlun		<ul style="list-style-type: none"> Rætt og útskýrt á gagnrýninn hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi. Nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt. 	
Siðferði og öryggismál		<ul style="list-style-type: none"> Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildavinnu. Farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á neti- og netmiðlum. 	
Námsmat	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		